

## Hverfisnefnd Naustahverfis.

69. fundur, 15.10.2015

### Aðalfundur hverfisnefndar

Fundur haldinn í Naustaskóla kl. 20:00 – 21:30

**Mættir;** Gunnar Valur Eyþórsson, Greta Huld Mellado, Anna Steinunn Þengilsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

**Fundarstjóri;** Anna Sjöfn Jónasdóttir.

**Gestir á fundinum;** Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri skóladeildar og Ágúst Jakobsson, skólastjóri Naustaskóla. Aðrir gestir voru 12 talsins. Kaffiveitingar á fundinum voru í boði Veislubaksturs sem gaf kleinur og kaffi var í boði Naustaskóla og færir nefndin þeim bestu þakkir fyrir.

**Fundargerð ritaði;** Anna Steinunn Þengilsdóttir.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Gunnar Valur formaður fór yfir störf nefndarinnar síðastliðið ár. Helstu mál ársins voru að stuðla að uppbyggingu Ljómatúnsvallar, umhverfisátakinu og árlegri vorhátíð hverfisnefndarinnar.

#### 2. Kosning stjórnar

Fjórir stjórnarmenn láta af störfum í nefndinni að þessu sinni; Í aðalnefnd; Gunnar Valur Eyþórsson formaður og Þóroddur Eiríksson. Anna Sjöfn Jónasdóttir varamaður og Gísli Rúnar Magnússon varamaður og fulltrúi í skólaráði. Auk þeirra sem eftir eru í stjórn frá fyrra ári buðu þrír sig fram á fundinum til stjórnarsetu næstu 2. ár; Guðný Berglind Garðarsdóttir, Þórður Snæbjörnsson og Herdís Hulda Guðmannsdóttir.

#### 3. Erindi

Soffía Vagnsdóttir fræðslustjóri skóladeildar sagði frá fyrstu upplifun sinni af Naustahverfi, þar sem hún býr þar sjálf. Hún sagði frá því að hún hefði strax upplifað hvar hjarta hverfisins er, en það eru skólarnir sem mynda það og hún hvetur til þess að allir láti sér annt um hjartað í hverfinu.

Soffía ræddi einnig um samskipti innan skólasamfélagsins og hversu mikilvæg samræðan er hjá stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum.

Einnig kom fram í erindi hennar að skólar bæjarins eru vel reknir og nú eru framundan ýmsar breytingar og hagræðingar bæði í leik- og grunnskólum. Í Naustahverfi eru engar framkvæmdir fyrirhugaðar í skólunum nema þær sem eru á skipulagi til ársins 2017.

Soffía ítrekaði að á skóladeild vinna 10 manns og það fólk er fyrir alla sem eiga börn í leik- og grunnskóla.

#### 4. Fyrirspurnir og umræður

Nokkuð var um fyrirspurnir, umræður og vangaveltur frá fundargestum til Soffíu.

- Hugmynd sem kom fram fyrir löngu vegna kaffihúss sem átti kannski að verða staðsett í Naustaskóla sem átti að vera eins konar bókakaffi. Soffíu fannst þessi hugmynd afar góð en svo virðist sem málið hafi alveg dottið út af borðinu.
- Bílastæðamál við skólans vegna öryggismála voru rædd og það er í þessum töluðu orðum búið að auka við bílastæði og fleiri á leiðinni.
- Spurt var um skólalóðina, vegna þess hversu lítil hún er og rúmar ekki alla nemendur skólans. Soffía sagði lóðina vera forgangsverkefni fyrir árið 2017, en verið sé að reyna að flýta því til ársins 2016. Einnig kom fram hjá fundargestum og hverfisnefnd að bæði foreldrafélag skólans og hverfisnefndin hafa lýst áhyggjum sínum um málið og hafi óskað eftir því að lóðamálin yrðu kláruð fyrir veturinn 2015-2016.
- Rætt var um leikskólamál; Hvenær mætti vænta þess að 18 mánaða gömul börn verði tekin inn á leikskóla, en nú miðast það að mestu leyti við 24 mánaða. Gæti verið að það yrði opnaður ungbarnaleikskóli. Soffía sagði að nú væru þó nokkrir skólar í bænum þegar farnir að taka inn 18 mánaða börn og aukning gæti orðið í því. Að opna ungbarnaleikskóla hefur oft verið í umræðunni innan skólasamfélagsins og verið upp á borðinu, en þar sem það er afar dýr kostur mun ekki verða að því.

#### 5. Skoðunarferð um skólann

Ágúst Frímann Jakobsson skólastjóri fór með fundargesti og nefndarmenn um nýja stjórnunarálmum sem er öll hin glæsilegasta og vel búin. Einnig var litið inn í íþróttahús skólans, en lítið hefur verið framkvæmt þar undanfarin misseri, en vinnan fer nú að hefjast þar. Íþróttahúsið á að vera tilbúið án gólefna í apríl 2016 og verður tekið í notkun haustið 2016 sem er mjög ánægjulegt.

Önnur mál voru engin og fundi slitið kl 21:30